

AÐ RÍMA SAMAN – GAMAN

Aldurshópur

Leikskólabörn og nemendur í grunnskóla sem þurfa að öðlast tilfinningu fyrir rímhljóðum orða.

Um aðferðina

Það að geta rímað gefur til kynna hvort barn hafi tilfinningu fyrir málhljóðum tungumálsins en hæfnin til að ríma er einn af undirþáttum hljóðkerfisvitundarinnar. Gert er ráð fyrir að við fimm ára aldurinn hafi meðalbarnið þessa færni á valdi sínu og er hún nauðsynleg forsenda þess að formlegt lestarnám fari vel af stað.

Markmið aðferðar

- Að nemendur þjálfist í að þekkja og greina rím.
- Að veita góðan undirbúning undir formlegt lestrarnám.

Gögn

Spjöld með rímorðum eða 24 orðapör sem búið er að skipta í bunka. Skipta má spjöldunum af handa-hófi í tvo bunka eða þannig að orðapörin séu sitt í hvorum bunkanum.


Framkvæmd

1. Kennarinn byrjar á því að kynna aðferðina og sýnir hvernig hún er unnin (sbr. lið 4-6).
2. Nemendur vinna í pörum.
3. Spjöldin eru stokkuð og þeim skipt í tvo jafnstóra bunka.
4. Annar nemandinn dregur spjald úr báðum bunkum og nefnir heiti myndanna upphátt.
5. Ef orðin ríma segir hann „ríma saman-gaman“ og heldur slagnum. Ef orðin ríma ekki er spjöldunum stungið inn í réttan bunka og barn tvö tekur við.
6. Haldið er áfram þar til öll spjöldin eru búin og þá meta nemendur afrakstur sinn með því að telja fjölda para sem þeir hafa fengið.


Nánari útfærsla

- Hægt er að útbúa fleiri rímaorðapör og bæta í bunkann.
- Spila má minnisspil þannig að nemendur leita að rímorðum og fá slag ef þeir finna orðaparið sem rímar. Gætið þess að hafa orðapörin ekki of mörg í fyrstu.

Rímorðalisti	
gormur	ormur
panna	kanna
hestur	prestur
diskur	fiskur
pakki	krakki
hús	lús
mús	djús
kex	sex
logi	bogi
trúður	lúður
barn	garn
renna	kenna
tröll	höll
hrútur	strútur
laukur	baukur
kjöll	stóll
dreki	fleki
flaska	taska
fingur	hringur
strönd	önd
sápa	kápa
dís	ís
hné	tré
jeppi	teppi



gormur




ormur



panna



kanna



hestur



prestur



diskur



fiskur



pakki



krakki



hús



lús



mús



djús




kex



sex



logi



bogi




trúður



lúður



barn



garn



renna



kenna



tröll



höll



hrútur



strútur



laukur



baukur




kjóll



stóll



dreki



fleki



flaska



taska




finger



hringur



strönd



önd



dís



ís



sápa



kápa



hné



tré



jeppi



teppi